

Íslenska 6. bekkur 2023-2024

Kennarar: Gylfi Már Þórðarson; Harpa Frímannsdóttir; Herdís Ingvadóttir; Laufey Broddadóttir; Valborg Birgisdóttir

6

Lýsing

Íslenska í 6. bekk skólaárið 2022-2023. Lotukennsla með fjölbreyttum verkefnum sem tengjast grunnþáttunum fjórum: lestri, ritun, málfræði og framsögn. Markmið er að nemendur uppfylli valin hæfniviðmið fyrir 5-7. bekk. Mat verður aðgengilegt á Mentor. Gefið er í táknum fyrir einstök verkefni en einkunnir í bókstöfum eru gefnar í lok árs.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Önnin byggist upp á 2-4 vikna lotum þar sem sérstök áhersla er lögð á einn þátt innan íslenskunnar, t.d. málfræðilota eða stafsetningarlota. Leitast verður við að hafa verkefni fjölbreytt og áhugavekjandi. Börnin læra um íslenska tungu með umræðum og lestri, læra stafsetningu, málfræði, ljóð og bókmenntir. Áhersla er lögð á lestur og ritun við úrvinnslu verkefna auk þess sem framsagnarkennsla er stöðug alla önnina þar sem nemendur kynna þau verkefni sem þeir vinna. Unnið verður að því að efla orðaforða nemenda jafnt og þétt með umræðum um ný orð og orðavinnu ýmis konar. Seinfærir nemendur fá aðstoð í samráði við sérkennara og þroskaþjálfara og fundin leið eftir því hvað hentar hverju sinni. Bráðgerir nemendur fá meira krefjandi verkefni bæði í samráði við þá sjálfa og við foreldra.

Í 6. bekk læra börnin til að mynda dýpri aðriði innan málfræðinnar, svo sem um stofn orða, um fornöfn, beina og óbeina ræðu, um margræðni orða og ýmislegt um málfar og notkun málsins.

Í stafsetningu er komið að frekari reglum um einfaldan og tvöfaldan samhljóða, fleiri reglur um n/nn í endingum orða bætast við og frekari greinarmerkjarreglur.

Í ljóðum er unnið með ýmis konar ljóð og hugtök þeim tengd kynnt, svo sem rím, hrynjandi, braglína og fleira.

Í bókmenntum lesum við til dæmis Benjamín Dúfu og gerum verkefni og skoðum bókmenntafræðileg hugtök í tengslum við hana. Í upphafi vetrar er bókinn Rigning í Osló samlesin og efni hennar rætt. Síðar lesum við bókina Arfurinn og ef til vill fleiri skemmtilegar bækur.

Í nýrri námsskrá er mikið horft til framsagnarþjálfunar og munu börnin reglulega þurfa að tjá sig fyrir bekkinn með það að leiðarljósi.

Í hverri lotu verður byrjað á kveikju eða umræðum um það efni sem liggur fyrir og komist að því hvað nemendur kunna og hvar þeir þurfa að bæta sig. Markmið lotunnar verða kynnt fyrir nemendum og þau hæfniviðmið sem nemendur eiga að uppfylla þegar lotunni er lokið. Kennari verður með innlögn, nemendur vinna hópverkefni og einstaklingsverkefni og taka þátt í umræðum. Í lok hverrar lotu verður mat sem byggist ýmist á mati kennara, sjálfsmati, námsmatsverkefnum eða könnunum eða blöndu af þessu. Foreldrar fá aðgang að mati á Mentor og ætti mat að nýtast foreldrum og nemendum til að styrkja og styðja við námið.

Námsáætlun

Íslenska 6. bekkur 2023 - 2024

Kennsluáætlun	Aðferðir og fyrirkomulag	Hæfniviðmið
Ágúst - september -Lestur og lesskilningur í <i>Rigning í Osló</i> , <i>Arfinum</i> og <i>Smelli 2</i> -Upprifjun málfræðiatríða. - <i>Málrækt 3</i> (setningar, málsgreinar, greinarmerki, bein og óbein ræða)	Námið og markmið þess kynnt. Nemendur setja sér markmið og vinna að þeim. Samlestur, einstaklings- og paravinna. Vinnubækur og verklegar æfingar. Nemendur þjálfast í gerð útdráttar þar sem aðalatriði texta koma fram. Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.	-Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna. -Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
Óktóber -Lestur og lesskilningur í <i>Smelli 2</i> og <i>Orðspor 2</i> , kafla 2. -Ritun. Unnið með þau hugtök og greinarmerki sem þau hafa lært. -Framsögn.	Ritun, sköpun og þjálfun í að beita nýjum reglum. Nemendur fá að flytja verkefni sín fyrir bekkjarfélaga. Markmið með ritun og framsögn miðast að því að nemendur geri sér grein fyrir styrkleikum sínum með því markmiði að efla	-Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli á þann hátt sem hæfir tilefni. . -Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.

	-Stafsetning: Steins-reglan og upprifjun á og byggja upp sjálfsmynd. reglum um einfaldan og tvöfaldan samljóða (Páll/Hallur reglan, missti reglan (stofn so.) og þykkt reglan (stofn lo.).		- Skrifað texta í tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu. Visað til heimilda.
	-Röksemdir og ályktanir (<i>Orðspor 2</i> , kafli 3).	Skapandi og gagnrýnin hugsun þjálfuð.	
Nóvember	- Framsögn: rök með og á móti. (ræðumennska). -Málfræði: áhersla á fallbeygingu (<i>Málrækt 3</i> , 33-42) -Stafsetning: upprifjun j reglna og y reglna (hljóðskipti t.d.). Reglur um stóran og lítinn staf einnig rifjaðar upp. -Myndasögur, Persónusköpun og söguvið. Kafli 4 í <i>Orðspor 2</i> .	Nemendur læra að hlusta eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggja upp röksemdafærslu. Læra að taka tillit til ólíkra sjónarmiða. Farið yfir markmið nemenda og hvernig gengur að þeim. Nemandi skal koma auga á styrkleika sína og hvernig hann getur nýtt þá í námi.	-Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim - Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
Desember	-Jólaleikrit æft -Ritun og frjáls ljóðagerð -Fyrri ljóðalota: Kafli 5 í <i>Orðspor 2</i> og ýmis verkefni og flutningur ljóða. Ljóð - ljóðstafir - rím - hrynjandi – líkingar <i>Málrækt 3</i> (33-56 og svo 59-68)	Samvinna og sjálfstæði þjálfuð með leikritavinnu og framkomu. Ljóð notuð til að tjá hugsanir og skoðanir og sköpunarkraftur nemenda virkjaður.	-Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. -Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
Janúar- febrúar	Persónufornöfn, fallorð, sagnorð, lýsingarorð. -Stafsetning: lýsingarorð mynduð af sagnorðum (kanna-könnun).	Kennarar og nemendur ræða um til hvers er ætlast í námi og nemendur skoða með sjálfsmati hvort þeir hagi námi sínu í samræmi við það.	-Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafir, hrynjandi, líkingar og boðskap.
Mars	-Lesskilningur: <i>Benjamín Dúfa</i> . -Benjamín Dúfa	Tjáning, gagnrýnin hugsun og nýting upplýsinga þjálfuð með ýmsum verkefnum er tengjast bókinni. Einstaklings- og hópavinna.	-Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, söguviði og boðskap.
Apríl	-Orðtök og málshættir (<i>Málrækt 3</i> , 72-78). -Stafsetning: Hv, kv reglan. -Saga tungumála í <i>Orðspor 2</i> , kafla 6.	Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit æfð. Nemendur vinna rafræn verkefni og æfa sig í að nota upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.	-Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
Mai- júní	Málfræði: Upprifjun á því sem kennt hefur verið auk kynningar á fleiri fornafnaflokkum. <i>Málrækt 3</i> bls 78-98). -Stofn orða (<i>Orðspor 2</i>) -Seinni ljóðalota Sköpun, gömul ljóð kynnt og ljóðagerð.	Ljóð notuð til að tjá hugsanir og skoðanir og sköpunarkraftur nemenda virkjaður.	-Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.

Grunnþættir menntunar

Læsi

Að nemendur vinni með læsi í víðum skilningi og áhersla verði á fjölbreytileika í framsetningu, t.d. myndlæsi og menningarlæsi. Nemendur vinni með fjölbreyttan texta sem stuðlar að auknum orðarforða og málskilningi.

Sköpun

Að nemendur nái að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan hátt og túlka sögur og ljóð. Nemendur vinni við skapandi ritun (sögur og ljóð)

og taki þátt í samræðum (spjallfélagar). Vinni að fjölbreyttum myndverkum við texta sem lesinn er.

Jafnrétti

Að nemendur fái að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemandur fái verkefni við hæfi hvers og eins. Nemandur vinni með texta sem tekur á jafnrétti og réttlæti. Nemandur vinni að því að skapa námsumhverfi og verkefni sem byggja á jafnrétti.

Heilbrigði og velferð

Að taka mið að þörfum allra nemenda og skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms.

Námsmat

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir árið. Í byrjun hvers tímabils eru hæfniviðmið kynnt fyrir nemendum. Einstaklings-, hópa-, paravinna og ýmis verkefni verða lögð fyrir. Hæfniviðmiðin eru metin með táknum sem standa fyrir eftirfarandi: Frammúrskarandi - hæfni náð - á góðri leið - þarfnast þjálfunar - hæfni ekki náð. Eftir hvert tímabil eru einhver hæfniviðmið metin. Ýmist með verkefnum eða könnunum.

Hæfniviðmið geta verið metin oft yfir árið. Lykilhæfni nemenda er metin út frá vinnuframlagi, verkefnum, framkomu og eljusemi.

Lokaekinn er gefin í A, B+ B, C+, C og D sem birtist inni á Mentor.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð og velliðan eru höfð að leiðarljósi. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi
Mæting	Nemendur skulu mæta stundvíslega í kennslustund.
Virgni í tímum	Nemendur skulu taka þátt í þeim verkefnum sem þeim eru sett fyrir.
Heimavinna	Nemendur vinna þau verkefni sem sett eru fyrir heima. Getur einnig komið til vegna veikinda, leyfa, tónlistartíma og fleira.
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	MMS.is , nams.is , ordabok.is
Stoðþjónusta nemenda	Stoðþjónusta nemenda er skipulögð hverju sinni í samráði við sérkennara ,þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa.
Skyldur nemenda	Nemendur skulu fara eftir bekkjarsáttmálum Unnið er að því að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Áhersla er á að nemendur leggi sig fram um að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu og eiga jákvæð samskipti við aðra.
Skyldur kennara	Kennarar skulu sýna nemendum gagnkvæma virðingu, aðstoða við úrlausn verkefna og mæta nemendum þar sem þeir eru staddir.

Sel - íslenska 6. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - íslenska 6. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.

Sel - íslenska 6. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.

Sel - íslenska 6. bekkur - Ritun

- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyriræli, á þann hátt sem hæfir tilefni.
- Skrifað texta í tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu. Vísað til heimilda.
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.

Sel - íslenska 6. bekkur - Málfræði

- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.

Sel - íslenska 6. bekkur - Skapandi og gagnrýnin

hugsun

- Verið mjög skapandi við vinnu og lausn verkefna.
- Greint mjög vel milli staðreynda og skoðana og jafnan virt skoðanir annarra.

Sel - íslenska 6. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra, verið mjög virk/-ur í hópastarfi og lagt sitt af mörkum á uppbyggilegan hátt.
- Unnið mjög vel eftir fyrirmælum, farið eftir leiðsögn á jákvæðan hátt og unnið mjög sjálfstætt.

Sel - íslenska 6. bekkur - Nýting miðla og

upplýsinga

- Af öryggi leitað og unnið úr upplýsingum, miðlað þeim til annarra og sýnt góða ábyrgð í meðferð þeirra.

Sel - íslenska 6. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Af öryggi metið námið og sett sér skýr markmið. Nýtt tímann mjög vel og lagt sig fram við námið af alúð.